



REGLUR OG LEIÐBEININGAR UM NÁM FYRIR VINNUPRÓFSDÓMARA

GILDIR FYRIR HLÝÐNI, SPOR OG RALLÝ HLÝÐNI

Hundaræktarfélag Íslands

Gildir frá 01.10.2023

Félagsmenn Hundaræktarfélags Íslands (HRFÍ), sem áhuga hafa á að starfa fyrir félagið og hafa góða þekkingu á reglum vinnuprófa, eiga kost á að sækja um réttindi til að dæma í vinnuprófum.

Reglur um viðurkenningu vinnuprófsdómara skulu tryggja að þeir, innan ramma gildandi vinnuprófsreglna, séu hæfir til að dæma próf sem haldin eru í nafni HRFÍ.

Innan Vinnuhundadeildar HRFÍ starfar dómarráð sem skipað er virkum dómurum deildarinnar.

Dómarráð sér um þjálfun dómaranema og sendir að henni lokinni álit til stjórnar Vinnuhundadeildar til samþykktar sem síðan sendir beiðni til stjórnar HRFÍ til samþykktar á dómarréttindum umsækjanda.

Almennar kröfur um hæfni dómaranema:

- a) Hafi sýnt þjálfun og stjórnun a.m.k. tveggja hunda í vinnuprófum sem óskað er eftir dómarréttindum fyrir og hlotið lágmarks árangur með a.m.k. einn hund í prófi á vegum HRFÍ eða hjá erlendu félagi viðurkenndu af FCI (sjá viðauka 1). Árangur skal ekki vera eldri en 5 ára.
- b) Reynsla sem prófstjóri í hlýðni- eða sporaprófum eða sem starfsmaður í rallý hlýðniþrófum í a.m.k. 10 skipti á vegum HRFÍ eða hjá erlendu félagi viðurkenndu af FCI.
- c) Virkur félagi í HRFÍ í a.m.k. 3 ár eða hjá erlendu félagi viðurkenndu af FCI. Tímabilið miðast við 6 ár fyrir umsókn.

Umsóknarferli:

- a) Umsækjandi sendir umsókn um dómarréttindi í tilteknu vinnuprófi til stjórnar Vinnuhundadeildar HRFÍ. Uppfylli umsókn ofangreind ákvæði er hún send áfram til dómarráðs deildarinnar. Í umsókn skulu ofantaldar upplýsingar koma fram, þ.m.t. dagsetningar á prófum sem umsækjandi hefur tekið þátt í bæði sem prófstjóri/starfsmaður og sem leiðandi hunds í prófi. Afrit af árangri í prófum skulu fylgja ásamt staðfestingu á virkni umsækjanda sem félagsmanns hjá HRFÍ eða erlendu félagi viðurkenndu af FCI.

- b) Stjórn Vinnuhundadeildar fer yfir umsóknir eins fljótt og kostur er og sendir áfram til dómarráðs séu öll gögn til staðar. Dómarráð metur hæfni umsækjanda og setur upp þjálfunarplan sem miðast við reynslu umsækjanda. Þjálfunarplanið nær til nákvæmrar yfirferðar á reglum þeirra vinnuþróa sem sótt er um réttindi fyrir, eftirfylgni nema með viðurkenndum dómara í viðkomandi vinnuþrófum auk þess sem nemi skal dæma í a.m.k. tveimur þrófum samhliða viðurkenndum dómara í vinnuþrófum sem réttindi eru sótt um fyrir.
- c) Þegar dómarráð telur dómaranema hafa lokið námi, sendir það stjórn Vinnuhundadeildar skriflegt álit þar sem það mælist til að viðkomandi nemi fái réttindi sem dómari fyrir þau vinnuþróf sem sótt er um réttindi fyrir. Að loknu samykki stjórnar Vinnuhundadeildar óskar hún eftir því við stjórn HRFÍ að viðkomandi nemi verði samþykktur dómari hjá HRFÍ.
- d) Stjórn HRFÍ ákveður hvort umsækjandi stenst mat og veitir dómarréttindi.

Starfandi dómara:

Til að halda réttindum sínum skal viðurkenndur vinnuþrófsdómari

- a) vera virkur meðlimur í HRFÍ.
- b) dæma í vinnuþrófi HRFÍ a.m.k. þriðja hvert ár.
- c) taka þátt í prófi á Íslandi eða í öðrum viðurkenndum FCI löndum að lágmarki fimmta hvert ár.

Stjórn Vinnuhundadeildar heldur skrá yfir alla dómara sem á hverjum tímapunkti hafa réttindi til að dæma vinnuþróf á Íslandi. Sú skrá er birt á heimasíðu Vinnuhundadeildar HRFÍ.

Endurheimt réttinda:

Ef dómari, sem af einhverjum ástæðum hefur misst dómarréttindi, óskar eftir að endurheimta réttindin skal hann senda rökstudda umsókn þess efnis til Stjórnar Vinnuhundadeildar. Hún kemur umsókn áfram til dómarráðs sem metur umsóknina á grundvelli innsendra gagna. Mæli dómarráð með endurheimt réttinda sendir það álit til stjórnar Vinnuhundadeildar sem sendir það áfram til stjórnar HRFÍ með ósk um að viðkomandi dómari endurheimti réttindi sín.

Undantekningar:

Í sérstökum tilfellum getur stjórn HRFÍ vikið frá reglum ef stjórn Vinnuhundadeildar og dómarráð hennar telja brýna þörf á til að að hægt sé að halda þau próf sem deildin telur þurfa til að halda eðlilegri starfsemi.

Annað:

Dómarar Vinnuhundadeildar starfa undir merkjum HRFÍ, þeir skulu ávallt sýna þróðmennsku í störfum sínum og framkomu í prófum.

Viðauki 1

Kröfur fyrir réttindi í hlýðniþrófum:

- a) Umsækjandi skal hafa þjálfað og leitt a.m.k. tvo hunda í hlýðniþrófi. Árangur skal vera að lágmarki 1. einkunn á ekki lægra stigi en prófi í hlýðni-II á vegum HRFÍ eða hjá erlendu félagi viðurkenndu af FCI.

Kröfur fyrir réttindi í sporaprófum:

- a) Umsækjandi skal hafa þjálfað og leitt a.m.k. tvo hunda í sporaprófi. Árangur skal vera að lágmarki 1. einkunn á ekki lægra stigi en prófi í spori-II á vegum HRFÍ eða hjá erlendu félagi viðurkenndu af FCI.

Kröfur um réttindi í rally hlýðniþrófum:

- a) Umsækjandi skal hafa þjálfað og leitt a.m.k. tvo hunda í rally hlýðniþrófi. Árangur skal vera að lágmarki 95 stig á ekki lægra stigi en prófi í rally-3 á vegum HRFÍ.